# Tilkynning um stjórnsýslukæru nr_ 140_2025

| | |
|---|---|
| Móttekið | 5.9.2025 09:05:10 |
| Búið til dags. | 5.9.2025 13:17:27 |
| Tilheyrir | USK25090075 - Stjórnsýslukæra nr. 140/2025 - Kjarrvegur 13 - Álagning sorphirðugjalda |
| Frá | Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is) |
| Til | usk@reykjavik.is |

## Innihald

Góðan dag,

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru sem móttekin var í þjónustugátt úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 4. september 2025. Kærð er ákvörðun Reykjavíkurborgar um álagningu sorphirðugjalda frá 19. janúar 2024 og 21. janúar 2025.

Úrskurðarnefndin er með til skoðunar hvort vísa eigi frá kærunni frá vegna liðins kærufrests. Í kærunni er aftur á móti vísað til samskipta við Reykjavíkurborg í síma og í tölvupósti, en engin gögn lögð fram um þau samskipti. Áður en málið verður tekið fyrir er því óskað eftir, með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011, að nefndinni verði látið í té öll þau gögn og upplýsingar sem tengjast málinu. Er á þessu stigi málsins því ekki þörf á að skila umsögn til nefndarinnar.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

**Unnþór Jónsson lögfræðingur**
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 575 8710
www.uua.is (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?
url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data=05%7C02%7Cmagnea.lilly.fridgeirsdottir%40reykjavik.is%7C7ccd9da0317d483acb
Fyrirvari/Disclaimer (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefir
disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cmagnea.lilly.fridgeirsdottir%40reykjavik.is%7C7ccd9da0317d483acb0b08ddec5b551d%7C

Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

# KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

*4.9.2025 21:09*

## 1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda.Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kæran er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

| | |
|---|---|
| Fullt nafn | Olga Dobrorodnaya |
| Kennitala | [redacted] |
| Heimilisfang | Kjarrvegur 13 |
| Póstnúmer | 108 |
| Staður | Reykjavik |
| Sími | [redacted] |
| Netfang | [redacted] |

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.Upplýsingum um félagafjölda.Samþykktum félagsins.Nýjustu ársskýrslu.Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

## 2. Umboðsmaður kæranda/kærenda ef við á

| | |
|---|---|
| Fullt nafn | |
| Kennitala | |
| Heimilisfang | |
| Póstnúmer | |
| Sími | |
| Netfang | |
| Umboð | |

## 3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Efni kærunnar

Lög um meðhöndlun úrgangs 2003 nr. 55 20. mars (annars vegar)
10. gr. Sérstök söfnun og flokkun úrgangs.
Koma skal upp sérstakri söfnun á heimilisúrgangi þar sem það er nauðsynlegt til að uppfylla ákvæði 1. mgr. 11. gr. og koma í veg fyrir að úrgangur blandist öðrum úrgangi eða öðrum efniviði með aðra eiginleika. Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Heimajarðgerð er þó heimil sem og söfnun lífúrgangs með öðrum úrgangi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 4. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 57. gr. Sérstök söfnun á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi skal fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Söfnunin skal fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila. Þó er heimilt að hafa sameiginlega söfnun úrgangs fyrir aðliggjandi lóðir að því tilskildu að öll söfnun úrgangs færist af viðkomandi lóðum. Enn fremur er heimilt að víkja frá ákvæði um söfnun innan lóðar þegar um er að ræða rúmfrekan úrgang, svo sem garðaúrgang, sem safnað er á söfnunar- eða móttökustöð. Sveitarfélögum er heimilt að uppfylla skyldu til sérstakrar söfnunar á gleri, málmum og textíl með söfnun í grenndargáma, að því tilskildu að það fyrirkomulag söfnunar stuðli að því að markmiðum laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim verði náð, sbr. 1. mgr. 8. gr. Sérstök söfnun á spilliefnum skal fara fram í nærumhverfi íbúa. Sveitarfélög skulu útfæra nánara fyrirkomulag sérstakrar söfnunar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

Nr. 1316
11. nóvember 2024
SAMÞYKKT
um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg (hins vegar)
4. gr.
Ílát fyrir úrgang við heimili.
Að lágmarki skulu vera ílát fyrir fjóra flokka úrgangs við hvert íbúðarhús, þ.e. blandaðan úrgang, lífúrgang, pappír/pappa og plast. Reykjavíkurborg útvegar ílát til notkunar við íbúðarhúsnæði, önnur en djúpgáma og gáma á yfirborði, sjá 10. gr.

Vegna þess að

ég fer með pappír og plast í Sorpu sjálf einu sinni á mánuði (það er að kostnaðarlausu í Reykjavík)
ég bý í parhúsi, rúslatunnu deili ég ekki með neinum nágrannum (mín eign Kjarrvegur 13, 108 Rkv á sér rúslatunnu).

Lög um meðhöndlun úrgangs 2003 nr. 55 20. mars segir að Reykjavíkur borg setir skynsamlegar reglur um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

Þýðir þetta nokkuð að það er val að sleppa að hafa pappír/pappa og plast tunnunni á lóðinu mínu (þegar ég flokka og keyra pau í Sorpuna samviskusamlega sjálf)? En borga gjald fyrir pappír/pappa og plast tunnuna er ekki val heldur skylda?

Bestar kveðjur,
Olga

| | |
|---|---|
| Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun | Reykjavíkur borg |
| Dagsetning ákvörðunar | 19.01.2024 |
| Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar) | Dagsentingin 19. 01. 2024 er þegar Reykjavíkur borg sendir mér 1. reikning um að greiða fyrir pappír/pappa og plast tunnu (þó ég hef aldrei haft hana) |

## 4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tilteknar framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Ég flokka rúslið mitt
Mig langar að vera með val að borga ekki fyrir pappír/pappa og plast tunnuna.
Ég hef ekki átt pappír/pappa og plast tunnuna.
Það kostar ekki henda pappír og plast á Sorpu stöðum.
Ég borga fyrir reksturinn grenndar- og endurvinnslustöðva.

## 5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

10.500 kr 2024
9.900 kr 2025

## 6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Ég fæ reikninga frá Reykjavíkur borg
Ég hef rædd málið í síma og tölvupósti með þeim

## 7. Rökstuðningur fyrir kæru

Ég flokka rúslið mitt
Mig langar að vera með val að borga ekki fyrir pappír/pappa og plast tunnuna.
Ég hef ekki átt pappír/pappa og plast tunnuna.
Það kostar ekki henda pappír og plast á Sorpu stöðum.
Ég borga fyrir reksturinn grenndar- og endurvinnslustöðva.
Það setdur ekki í Lög um meðhöndlun úrgangs 2003 nr. 55 20. mars að mér ég skylda að vera með pappír/pappa og plast tunnu.

Reglugerð Nr. 1316 kom
11.11. 2024
um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg
1. reikningur fyrir pappír/pappa og plast tunnu kom 19.01.2024

Ég væri til að fá endurgreiðslu fyrir 2 ár

## 8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

| | |
|---|---|
| | Nei |

## 9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---|---|
| Lýsing skjals | Álagningarseðill 2025 |
| Númer skjals: | 2025 |
| Fylgiskjal | Kjarrvegur 13.pdf |

## 9. Fylgiskjalalisti[2]

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---|---|
| Lýsing skjals | Álagningarseðill 2024 |
| Númer skjals: | 2024 |
| Fylgiskjal | Kjarrvegur 13-2.pdf |